

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

19. maí 2004
AG-MÁL nr480

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um
stofnbrautarkerfi fyrir hjólreiðar, 283. mál.
Bréf samgöngunefndar Alþingis, dagsett
5. maí 2004.**

Visað er til bréfs samgöngunefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar Umferðarstofu um tillögu til þingsályktunar um stofnbrautarkerfi fyrir hjólreiðar.

Hjólreiðamenn mega í þéttbýli fara um götur og torg, hjóla á akbrautum og gangstéttum. Á höfuðborgarsvæðinu og víðar hafa verið lagðir sérstakir stigar, ætlaðir fyrir reiðhjólamenn og gangandi vegfarendur. Þar er aðstaðan best fyrir hjólreiðamennina. Það skapar hins vegar hættu að hjólreiðamenn og gangandi vegfarendur noti sömu stigana. Verst eru hjólreiðamenn settir þegar hjóla þarf á akbraut þar sem er mikil umferð bifreiða og annarra vegfarenda.

Á þjóðvegum nota hjólreiðamenn akbrautina en hjóla gjarnan vel úti í kanti til þess að gæta sín vegna annarrar umferðar. Sums staðar eru vegaraxlir sem þeir nota þótt þær séu lögum samkvæmt ekki ætlaðar fyrir slíka umferð.

Upplýsingar liggja ekki fyrir um hve mikil umferð hjólreiðamanna er hér á landi, hve oft verða þeir fyrir slysum og hversu alvarleg þau eru. Líklega hefur notkun reiðhjóls sem samgöngutækis í þéttbýli aukist hin síðari ár en á þjóðvegum sýnast það fyrst og fremst vera erlendir ferðamenn sem nota reiðhjól.

Öryggi hjólreiðamanna í umferðinni verður tvímælalaust betur tryggt með því að hafa sérstakar brautir fyrir þá, aðskildar frá umferð vélknúinna ökutækja.

Vel má vera að rétt sé að stefna að því að skapa þær aðstæður í umferðinni að reiðhjól geti verið valkostur sem samgöngutæki en ekki notuð fyrst og fremst til útivistar og hreyfingar eins og verið hefur. Rétt sé að setja reglur um hjólreiðastíga og í því sambandi, eins og lýst er í greinargerð með þingsályktunartillögunni:

- að skilgreina hjólreiðarbrautir sérstaklega og finna þeim stað í vegalögum,
- kveða á um ábyrgð ríkisvaldsins í gerð hjólreiðabrauta,
- koma upp sérstöku stofnbrautakerfi fyrir hjólreiðar sem ríkisvaldið sjái um eða taki þátt í að kosta í samstarfi við sveitarfélögin og
- skipuleggja hjóreiðabrautakerfið þannig að það tengi saman þéttbýlisstaði og hjóreiðastíga einstakra sveitarfélaga við þjóðvegakerfið.

Framangreindar aðgerðir hljóta að mótast af því hversu mikið reiðhjól eru notuð sem samgöngutæki hér á landi og hver má ætla að verði þróunin í þeim efnum, einkum með tilliti til þess að aðgerðirnar hljóta að kosta töluvert fé og verða því að vera raunhæfar.

Hvað sem öðru líður er af hálfu Umferðarstofu talið að það sé í þágu þess að auka öryggið í umferðinni að sérstök nefnd skoði þau atriði, sem þingsályktunartillagan fjallar um, allt í þá veru að fyrir liggi að skoðun lokinni upplýsingar sem geri kleift að meta hvort rétt sé að undirbúa áætlun og lagabreytingar sem geri ráð fyrir hjólreiðum sem viðurkenndum og fullgildum kosti í samgöngumálum.

Virðingarfyllst,



William Thomas Möller